

## Verkefnastjórn – vinnulag sem virkar!

Verkefnastjórnun er vinnulag sem verður æ algengara bæði vegna þess að það kemur til móts við óskir margra starfsmanna um fjölbreyttara verksvið og aukna ábyrgð. Stofnanir kalla einnig eftir frumkvæði og áhuga starfsmanna til greiða leið breytinga og nýjunga á vinnustað. Aðferðir verkefnastjórnunar tryggja yfirsýn og þátttöku allra og eru þannig ein leið til að hafa áhrif á og móta umhverfið. Þetta námskeið er ætlað þeim sem horfa til framtíðar og vilja efla sig í starfi, burtséð frá því hvaða störfum er sinnt í dag. Verkefnastjórnun kemur allstaðar að notum. Aðferðirnar sem kynntar verða á námskeiðinu fela í sér að fylgja hugmynd eftir frá því að hún kviknar og þar til hún er orðin að veruleika og tryggja yfirsýn og efndir.

### Forsendur námsins:

Starfsumhverfi okkar og störf taka örum breytingum í takt við almenna samfélagslega þróun. Því ræður ört vaxandi hlutur upplýsinga- og samskiptatækni, aukin alþjóðavæðing og samkeppni og auknar kröfur á vinnustað um skilvirkni og þátttöku. Margir starfsmenn finna fyrir því að starfssvið þeirra vikkar og ábyrgð eykst og oft reynist erfitt að hafa yfirsýn yfir margþætt verkefni. Einnig er sagt að í því samfélagi þekkingar sem nú er að þróast þurfi að efla frumkvæði á áhuga allra til að skapa nýja þekkingu og greiða leið nýrra hugmynda. Velferð okkar byggist á þekkingarsköpun og þátttöku allra og verklag fortíðar dugir þar ekki til. Virkja þurfi hugvit fólks, frumkvæði og þátttöku. Þessari námsleið er ætlað að virkja starfsfólk til að taka þátt í þróun þekkingarsamfélagsins með því að læra hvernig útfæra má hugmyndir frá upphafi til enda. Áhersla verður lögð á ýmiskonar nýbreytni og þjónustuverkefni innan stofnana sem bæði er ætlað að bæta gæði og þróa nýjungar á ákveðnum starfssviðum. Á námskeiðinu verður kynnt hugmyndafræði verkefnastjórnunar, helstu aðferðir, hugbúnaðarlausnir, tæki og tól. Einnig er farið í hvernig verkefnastjóri getur virkjað samstarfsfólk sitt til athafna, undirbúningi samstarfsfunda og gildi upplýsingaflæðis til allra þátttakenda. Kynnt verða raunveruleg samstarfsverkefni sem heppnast hafa vel og farið í hvernig kynna má niðurstöður og tryggja stöðugleika og framhaldslíf góðra verkefna.

### Markmið:

- Að kynnst helstu aðferðum verkefnastjórnunar
- Að gera sér grein fyrir gildi hugmyndavinnu og nýsköpunar af öllum stærðargráðum
- Að átta sig á hlutverki stjórnandans
- Að kynnst helstu aðferðum kynningarstarfs og miðlunar niðurstaðna
- Að þátttakendur fái innsýn í mikilvægi markmiðasetningar og áætlanagerðar
- Að þátttakendur átti sig á gildi samvinnu í verkefnastjórnun

- Að þátttakendur þekki og kunni að beita opnum hugbúnaðarlausnum sem notast má við verkefnastjórnun

## Fyrirkomulag námsins:

Um er að ræða tilraunaverkefni sem samanstendur af 5 námsþáttum sem kenndir eru í 4 kennslustundir í senn. Um er að ræða fyrirlestra, umræður og hópvinnu og einnig verða kynnt raunveruleg umbótaverkefni sem tekist hafa vel. Náms efni samanstendur af glærum, kynningarbæklingum og vísað verður á ítarefni eftir þörfum. Þá verða upplýsingar um vel unnin verkefni s.s í formi skýrslna eða heimasíðna gerð þátttakendum aðgengileg. Kennarar eru allir reyndir sérfræðingar á þessu sviði sem þekkja til stærri og smærri verkefna.

Boðið verður upp á námið í fjarkennslu í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar og verður notast við viðurkennt fjarkennsluumhverfi til þess s.s. WebCT eða Uglu Háskóla Íslands.

## Tillögur að námsþáttum

Námsþættir	Lengd kst
Af hverju verkefnastjórn og gildi hugmyndavinnu	8 kst
Hugbúnaðarlausnir og hagnýt nálgun	8 kst
Að virkja hópinn og miðla upplýsingum	4 kst
Kynningarmál og markmiðasetning	2 kst
Raunhæf verkefni og kynning	2 kst
Alls	24 kst

## Af hverju verkefnastjórn og gildi hugmyndavinnu? (8 kst)

Grundvallaratriði og hugmyndafræði verkefnastjórnunar kynnt. Af hverju verkefnastjórn? Hvað gerir þetta vinnulag svona vinsælt? Af hverju þurfum við að þróa nýjar hugmyndir? Af hverju er erfitt að negla niður hugmyndir og hvernig föngum við hugmyndir. Fjallað verður um velheppnuð umbótaverkefni og innleiðingu nýjunga á vinnustað þar sem aðferðafræði verkefnastjórnunar er kynnt með raundæmum. Unnin verða frumdrög að verkefnaáætlun í smærri hópum þar sem umhverfisþættir og þarfir hagsmunadila verða greindir og sett upp markmið, framkvæmdaáætlun og verkáætlun. Samhliða greiningunni verður unnin kostnaðaráætlun. Áhersla verður á gildi samvinnu og að verkefnastjóri þurfi að halda utan um mörg sjónarhorn og margar raddir og hann sé sá sem vísar veginn.

## Hugbúnaðarlausnir og hagnýt nálgun (8 kst)

Unnið dýpra í einstökum aðferðum í rafrænu umhverfi. Farið verður dýpra í s.s áætlanagerð og leiðarljós verkefnis bóúð til. Þá er markmiðssetning, verkáætlun, tímaáætlun, og verkaskiptingu milli þátttakenda sett upp á skipulagðan hátt með t.d. mind manager. Einnig er

sett upp áætlun um framleiðslu afurðar verkefnis, kynningarmál og rætt um mat og skýrsluskrif.

## **Að virkja hópinn og miðla upplýsingum (4 kst)**

Í þessum hluta er farið í mikilvægi þess að miðla upplýsingum til allra þeirra sem koma að verkefninu og greiða fyrir boðskiptum. Byrjað er að kenna aðferðir til að hrista verkefnahóp saman og hvernig virkja megi jákvæð lögmál í liðsheild. Farið er í hlutverk verkefnastjórans og hvernig hann getur gengið á eftir því að allir taki þátt í verkefninu. Rætt verður um erfiða einstaklinga innan verkefna og hvernig leysa megi árgreining og koma í veg fyrir laumufarþega í verkefnum sem leggja lítið að mörkum. Sýnt verður einfalt umhverfi á vef sem getur haldið utan um öll samskipti s.s. stefnu og markmið verkefnis, allar fundargerðir, skýrslur og ákvarðanir verkefnastjórnar. Farið verður sérstaklega í mismundandi vinnulag fólks og menningarmun í samskiptum.

## **Kynningarmál og markmiðasetning (2 kst)**

Í þessum námsþætti verður farið mikilvægi þess að kynna verkefni út á við til og gefin dæmi um nokkrar leiðir til kynningar. Fjallað verður um ímyndarmál og hvernig draga má fram sérstöðu verkefnisins og framleiðslunna/afurðarinnar. Kynntar verða boðleiðir eins og vefurinn, gerð bæklinga eða annarra aðferða markaðsetningar. Einnig hvernig nálgast á markhóp verkefnisins og byggja upp tengslanet.

## **Raunhæf verkefni og kynning (2 kst)**

Nemendur velja fyrirfram ákveðin verkefni sem þeir útfæra svo hver fyrir sig undir leiðsögn kennara sem þeir kynna svo ítarlega fyrir samnemendum og kennara. Eftir kynningar eru umræður um verkefni- það sem tókst vel og það sem þarfnast lagfæringar eða frekari skoðunar.